

STJÓRNARTÍÐINDI B 78 – 1999

Nr. 561

1700

27. ágúst 1999

AUGLÝSING

um útflutningshlutfall kindakjöts.

Landbúnaðarráðherra hefur ákveðið að útflutningshlutfall kindakjöts af fé sem slátrað verður frá og með 1. september 1999 til og með 30. júní 2000 verði 25% af dilkum sem slátrað verður í september og október en 10% af slátrun 1.-14. nóvember. Útflutningshlutfall verði ákveðið 0% af kjöti af fullorðnu fé og dilkum, sem slátrað verður eftir 14. nóvember.

Auglýsing þessi er sett í samræmi við reglugerð nr. 524/1998 og með heimild í 4. mgr. 29. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum sbr. síðari breytingar og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 27. ágúst 1999.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

Nr. 562

26. ágúst 1999

REGLUGERÐ

um afnám banns við rækjuveiðum.

1. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð nr. 806, 29. desember 1998, um bann við rækjuveiðum.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 1. september 1999.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 26. ágúst 1999.

Árni M. Mathiesen.

Þorsteinn Geirsson.